

aðalverk hans, og segir Darwin, að þegar árið 1839 hafi hann verið orðinn algjörlega fullviss um sannleiksgildi hennar. En „tilgátuna“, því hann nefndi kenningu þessa altaf tilgátu (Theory)—og sýndi í því óbeit þá er hann hafði á frekjulegum, órókstuddum staðhæfingum,— vildi hann ekki láta frá sér fara, fyrr en hann hafði annaðvoit rökstutt hana í nánælanlega, eða þá sannfært sjálfsan sig um einskisviði hennar. Svo liðu 20 ár unz bók hans kom út, „Uppruni Tegundanna.“ Um öll þessi ár var hann að safna rökunni að þessari skoðun, velta henni fyrir sér á allan hátt og leita vísendalegra sannana. Hvar sem hann var á ferð veitti hann öllu nákvæma eftirtekt, dýrum og jurtum, ornum og sjáfarskepnum. Á sér bar hann jafnan vasabók, er hann færði athuganir sínar í. Og líka, hvar sem hann var á gangi, ef honum datt eitthvað í hug, er sennilega mætti tilfsæra móti þessari kenningu, færði hann það til bókar til þess að leita þar svars á móti. 1842 segist han: hafa byrjað að samandraga þessar skoðanir sínar með ritblyi og gjört uppkast af ritgjörð, er verið hafi eitthvað 35 síða löng. Tveim árum síðar útfærði hann þessa ritgjörð á 230 síður, en ekki fannst honum svo vera frágengið að hann mætti fara með það á prent.

Nokkur ár liðu því enn, þar til 1856, að vinir hans fóru að reka á eftir að hann byrjaði á ritverki. Segist han: þá hafa byrjað á ritinu „Uppruni Tegundanna“, í hálfu stærri stýl en bókin varð síðar. Er hann var vel hálfnaður breyttist þessi fyrirætlan, því 1858 sendi vinur hans, náttúrufræðingurinn A. R. Wallace, er þá dvaldi á Malay skaganum, honum titgjörð, „Um tilsókn Tegundanna að frálíkjast Frumstofni“, er hann óskadí að hann léti prenta. Ritgjörð þessi bar fram alveg sömu skoðanir og Darwin var að útfæra í bók sinni, og samkvæmt áskorun vina sinna lét hann prenta yfirlit yfir ritverk það er hann var að semja, með þessari ritgjörð Mr. Wallace.

Um það hefir síðan verið þráttat hvor þeirra sé höfundur Framþróunarkenningarinnar. Veitir því best svareð af þeim sjálfum, er aldrei gerðu neitt þrátt um það, en álitu það miklu fremur sönnun síns máls að sinn í hvoru lagi höfðu þeir komist að sömu niðurstöðu, án þess að bera sig saman. Enda lét